

# Lög foreldrafélags Stóru-Vogaskóla

## 1. grein

Félagið heitir Foreldrafélag Stóru-Vogaskóla kt. 601207-0950. Félagar teljast allir forráðamenn nemenda skólans. Reikningsár félagsins skal vera frá 1. október til og með 30. september ár hvert.

## 2. grein

Markmið félagsins er að:

- vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
- efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólk skólans.
- styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.
- standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

## 3. grein

Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því að:

- skipuleggja og halda utan um starf bekkjarfulltrúa í hverjum bekk.
- koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál.
- standa að upplýsingamiðlun til foreldra um það er viðvíkur starfsemi félagsins.
- veita skólayfirvöldum lið svo að aðstæður til náms og félagslegra starfa verði sem bestar.
- styðja og efla hverja þá starfsemi, sem stuðlar að auknum þroska og menningu skólans.
- taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög, svæðaráð og landssamtök foreldra.

## 4. grein

Stjórn félagsins skipa fimm foreldrar/forráðamenn og skulu þeir kjörnir á aðalfundi. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund. Skal stjórnin skipuð formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og einum meðstjórnanda. Aldrei skulu fleiri en þrjú ganga úr stjórn í einu.

## 5. grein

Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en október ár hvert. Stjórnin boðar til fundarins með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í fundarboði skal kynna efni fundarins.

### **Verkefni aðalfundar:**

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar
- Lagabreytingar
- Reikningar lagðir fram til samþykktar
- Kosning stjórnar
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

- Kosning fulltrúa í skólaráð
- Önnur mál

#### **6. grein**

Stjórn foreldrafélagsins getur skipað nefndir um afmörkuð verkefni. Stjórnin ber ábyrgð á störfum nefnda og setur þeim erindisbréf.

#### **7. grein**

Félagsstjórn skal ekki sinna klögunarmálum eða hafa afskipti af vandamálum er upp kunna að koma á milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.

#### **8. grein**

Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar greiði framlag til félagsins. Þetta framlag er innheimt árlega og ákveðið á aðalfundi.

#### **9. grein**

Ákvörðun um slit félagsins verður tekin með einföldum meirihluta á stjórnarfundum og renna þá eignir þess til skólans.

#### **10. grein**

Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi, enda sé lagabreytinga getið í fundarboði.

#### **11. grein**

Lög þessi taka gildi frá og með 28.9.2009

Breytt síðast eftir aðalfund 25.9.2019